

21.Grein, 23.Grein, 26.Grein- Vegna ábendingar frá WOSM

Í stefnu BÍS til 2025 er kveðið á um eftirfarandi:

„....fyrir lok árs 2025 sé BÍS í hópi 20% bestu bandalaga í GSAT úttektum á skátahreyfingunni í heiminum, og með 80% niðurstöðu. Rekstrarkröfum WOSM sé fullnægt á öllum sviðum.“

Vinna er þegar hafin til að reyna að uppfylla þetta markmið en WOSM hefur sent ábendingar varðandi kosningafyrirkomulag nágildandi laga. Í *Governance Framework* kafla **GSAT 3.0**, lið 208 stendur eftirfarandi:

„The NSO has defined and implemented the following procedures regarding the election and mandate of national board members:

- 1. Election procedure.*
- 2. Fixed term of office.*
- 3. Rotation of national board members to prevent all from leaving at the same time.*
- 4. Removal of a national board member.*
- 5. Re-election is limited.*
- 6. Co-optation (replacement or addition of members).“*

Það er þriðji liður þessarar upptalningar sem hér um ræðir, að koma í veg fyrir að stjórn geti öll hætt á sama tíma eða í kosningu sé hægt að kjósa nýja stjórn í einni kosningu. Skv. stöðlum WOSM er það ekki heppilegt og við viljum koma til móts við ábendingar þeirra með þessari lagabreytingu sem kveður á um að stjórn sé kosin í tvennu lagi, á sléttöluári sé kosning skátahöfðingja og þriggja meðstjórnenda en á oddatöluári sé kosning gjaldkera og tveggja meðstjórnenda.

Þessi breyting hefur áhrif á þrjár greinar laganna, þá 21., 23. og 26. með mismiklum breytingum þó. Dagskrá skátapings breytist við þessa breytingu sem og að hugtakið *kosningaár* fellur alfarið úr lögunum.

21. GREIN - DAGSKRÁ SKÁTAPINGS

Núverandi grein:

...

Eftirtaldir dagskrárliðir skulu a.m.k. koma fyrir í dagskrá þingsins hverju sinni:

- Setning Skátapings
- Inntaka nýrra skátafélaga
- Skýrsla stjórnar fyrir síðasta almanaksár kynnt og rædd
- Endurskoðaðir reikningar BÍS fyrir síðasta almanaksár kynntir, ræddir og afgreiddir
- Fjárhagsáætlun BÍS fyrir 2 ár, yfirstandandi ár og það næsta, kynnt, rædd og afgreidd



- Tillaga að félagsgjaldi skáta til BÍS kynnt, rædd og afgreidd
- Starfsáætlun BÍS til fimm ára og langtíma stefnumörkun
- Ályktanir kynntar, ræddar og afgreiddar
- Lagabreytingar kynntar, ræddar og afgreiddar
- Kynningar frá skátafélögum
- Önnur mál
- Þingslit

Eftirtaldir dagskrárliðir skulu koma fram á kosningaári:

- Kosningar: Kjörgengir eru allir lögráða skátar
- Kosning uppstillingarnefndar skv. 19. grein
- Kosning stjórnar skv. 23. grein
- Kosning löggilts endurskoðanda skv. 27. Grein

...

Verður:

...

Eftirtaldir dagskrárliðir skulu a.m.k. koma fyrir í dagskrá þingsins hverju sinni:

- Setning Skátaþings
- Inntaka nýrra skátafélaga
- Skýrsla stjórnar fyrir síðasta almanaksár kynnt og rædd
- Endurskoðaðir reikningar BÍS fyrir síðasta almanaksár kynntir, ræddir og afgreiddir
- Fjárhagsáætlun BÍS fyrir 2 ár, yfirstandandi ár og það næsta, kynnt, rædd og afgreidd
- Tillaga að félagsgjaldi skáta til BÍS kynnt, rædd og afgreidd
- Starfsáætlun BÍS til fimm ára og langtíma stefnumörkun
- Kosningar: Kjörgengir eru allir lögráða skátar
 - Á slétttöluári:
 - Kosning stjórnar skv. 23. grein:
 - Kosning skátahöfðingja og þriggja meðstjórnenda
 - Kosning fastaráða skv. 26. grein
 - Kosning uppstillingarnefndar skv. 19. grein
 - Kosning löggilts endurskoðanda skv. 27. grein
 - Á oddatöluári:
 - Kosning stjórnar skv. 23. grein:
 - Kosning gjaldkera og tveggja meðstjórnenda
- Ályktanir kynntar, ræddar og afgreiddar
- Lagabreytingar kynntar, ræddar og afgreiddar
- Kynningar frá skátafélögum
- Önnur mál
- Þingslit

...

23. GREIN – KOSNING STJÓRNAR BÍS



Núverandi grein:

...

Kosning fer fram á Skátapingi á tveggja ára fresti og skal vera kosið í embætti skátahöfðingja, gjaldkera og 5 meðstjórnenda. Sérstaklega er kosið um skátahöfðingja og gjaldkera en meðstjórnendur eru kjörnir í einni kosningu. Lendi atkvæði á jöfnu skal kosið sérstaklega á milli þeirra þar til öll sæti hafa verið fyllt.

...

Verður

....

Kosning fer fram á Skátapingi og skal kosið í embætti skátahöfðingja og þriggja meðstjórnenda á sléttöluári en í embætti gjaldkera og tveggja meðstjórnenda á oddatöluári. Sérstaklega er kosið um skátahöfðingja og gjaldkera en meðstjórnendur eru kjörnir í einni kosningu. Lendi atkvæði á jöfnu skal kosið sérstaklega á milli þeirra þar til öll sæti hafa verið fyllt.

....

26. GREIN – FASTARÁÐ BÍS

Núverandi grein:

...

Láti einhver meðlimur fastaráðs af störfum eða ef um langvarandi fjarveru er að ræða á milli kosningaára skal stjórn BÍS í samráði við uppstillingarnefnd manna stöðuna fram að næsta aðalfundi.

...

Verður:

...

Láti einhver meðlimur fastaráðs af störfum eða ef um langvarandi fjarveru er að ræða á milli kosninga skal stjórn BÍS í samráði við uppstillingarnefnd manna stöðuna fram að næsta aðalfundi.

...

